

## GJALDSKRÁ

**fyrir byggingarleyfi og tengd leyfi, eftirlit,  
úttektir og afgreiðslur hjá Grundarfjarðarbæ.**

## 1. gr.

*Almennt.*

Bæjarstjórn er heimilt að innheimta gjöld fyrir þau leyfi sem hún veitir. Sömuleiðis er heimilt að innheimta gjöld fyrir útmælingu, eftirlit, úttektir og vottorð sem byggingarfulltrúi lætur í té.

## 2. gr.

*Gjöld.*

Gjöld er greiddast til bæjarsjóðs, sbr. 1. gr., eru eftirfarandi:

	kr.
1. Fastagjald (umfjöllunargjald)	6.600
2. Byggingarleyfisgjald, íbúðarhús (hver íbúð)	62.500
3. Byggingarleyfisgjald, búpeningshús	53.800
4. Stöðuleyfi (hámark eitt ár í senn)	13.100
5. Úttektar- og eftirlitsgjald (hvert skipti)	5.800
6. Vottorð um byggingarstig	10.200
7. Mælingargjald (þéttbýli)	33.500
8. Mælingargjald (dreifbýli)	19.700
9. Yfirferð eignaskiptayfirlýsinga (eldri hús)	24.800
10. Útkall byggingarfulltrúa (hvert skipti)	10.200
11. Framkvæmdaleyfi	15.000
12. Aukamæling á útsetningu húss	33.500
13. Stöðuúttekt vegna byggingastjóra	13.500
14. Graftrarleyfi	15.000
15. Deiliskipulagsbreyting, kynning og umsýsla	85.000
16. Óverulegar breytingar á uppdráttum og lóðarblöðum	30.000

Skýringar við ofangreind gjöld:

1. Gjald fyrir umfjöllun í umhverfisnefnd Grundarfjarðar. Útgáfa skriflegs svars.
2. Gjald fyrir yfirferð byggingarfulltrúa á öllum teikningum, byggingarnefndar- og sérteikningum og fyrir að yfirfara skráningartöflu, afhenda meistara/byggingarstjóra og fasteignamati samþykktar teikningar.
3. Gjald fyrir yfirferð byggingarfulltrúa á hönnunargögnum, s.s. byggingarnefndar- og sérteikningum, yfirfara skráningartöflu, afhenda meistara/byggingarstjóra og fasteignamati samþykktar teikningar.
4. Gjald fyrir stöðuleyfi skv. 71. gr. byggingarreglugerðar. Um er að ræða hjólhýsi, gáma, báta, torgsöluhús og þess háttar.
5. Gjald fyrir úttektir og eftirlit í samræmi við 53. gr. skipulags- og byggingarlaga og 48. gr. byggingarreglugerðar.
6. Gjald fyrir útgáfu vottorða og staðfestinga. T.d. fokheldisvottorð, lokaúttektarvottorð, staðfesting á fullnaðarfrágangi vegna endurbótalána, byggingarvottorð o.s.frv. Vottorðum fylgir í flestum tilfellum úttekt.
7. Útsetning á staðsetningu lóðar og fasteignar (vegna nýbyggingar). Tvær línur settar út í lóðamörkum og tvær línur í sökkullínum. Upplýsingar gefnar um hæðarmerki. Um er að ræða hámark tvær útmælingar.
8. Útsetning á staðsetningu fasteignar eða lóðar. Tvær línur settar út í sökkullínum eða á lóðamörkum. Um er að ræða eina útmælingu.

9. Gjald fyrir yfirferð skráningartöflu og eignaskiptayfirlýsingar eldri húsa. (Gjald þetta er innifalið í byggingarleyfisgjaldi vegna nýbygginga).
10. Gjald fyrir útkall byggingarfulltrúa.
11. Gjald vegna framkvæmdaleyfa og yfirferð gagna.
12. Gjald vegna aukamælingar á útsetningu húss.
13. Gjald vegna stöðuúttektar á breytingu ábyrgðar byggingarstjóra á byggingarframkvæmdum.
14. Graftrarleyfi m.a. útgefín án formlegra útgefínna byggingarleyfa.
15. Deiliskipulagstillaga á eignarlandi einkaaðila og félaga.
16. Óverulegar breytingar á uppdráttum og lóðarblöðum.

3. gr.

*Greiðslur gjalda.*

Fastagjald og byggingarleyfisgjald skal vera greitt eða um það samið áður en byggingarleyfi er gefið út. Gjöldum skv. 53. gr. skipulags- og byggingarlaga fylgir lögveð í viðkomandi fasteign eða lóð og má innheimta gjaldfallin gjöld með fjárnámi, sbr. 55. gr. skipulags- og byggingarlaga.

4. gr.

*Gildistaka.*

Gjaldskrá þessi er sett af bæjarstjórn Grundarfjarðarbæjar þann 14. janúar 2010, með stoð í lögum nr. 73/1997 og öðlast gildi þegar í stað. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá sama efnis nr. 392 10. janúar 2008.

*Grundarfirði, 18. janúar 2010.*

**Guðmundur Ingi Gunnlaugsson** bæjarstjóri.